



Formannafundur 17. febrúar 2016

Fundargerð

Miðvikudaginn 17. feb. var haldinn formannafundur í félagsaðstöðunni í vallarhúsinu. Fundurinn hófst kl. 18.15.

Mætt voru: Dagný formaður, Birna Kristín gjaldkeri, Geirarður varaformaður, Gunna Stína blakdeild, Richard Már taekondodeild, Guðbjörg Fanndal knattspyrnudeild, Inga Lilja handboltadeild, Adonis sunddeild, Steinunn Anna fimleikadeild og Brynja badmintondeild. Auk þeirra sat Indriði framkvæmdastjóri fundinn.

Anna aðalstjórn, Anna karatedeild og Gissur frjálsíþróttadeild höfðu samband og boðuðu forföll.

Dagný formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Aðalfundir deilda.

Framkvæmdastjóri sagði að gjaldkerar deilda fengju uppgjör ársins 2015 á morgun föstudag frá bókara til yfirlestrar og hefðu helgina og mánudag, þriðjudag til að gera athugasemdir. Í næstu viku færu svo skoðunarmenn reikninga yfir gögnin. Samþykkt var að reyna að stytta ritað mál í starfsskýrslum og leggja áherslu á að aðalatriði komi þar fram til að setja inn í ársskýrslu félagsins fyrir aðalfund. Tillaga kom fram um að framlengja frest til að halda aðalfundi deilda fram til 20. mars og var hún samþykkt. Því þarf aðalfundum deilda að vera lokið þá og starfsskýrslur komnar til framkvæmdastjóra en aðalfundur félagsins verður haldinn fimmtudaginn 7. apríl n.k.

2. Lög frá 4. mars s.l. v. fjölda í stjórnnum deilda.

Lagt fram til umræðu. Umræður urðu um reglugerð deilda, hvort yfirleitt væri hægt að fullmanna stjórnir stærstu deilda með fimm manna stjórn með formanni sem ekki væri formaður ráðs. Fjörlegar umræður urðu um þessi mál en almennt voru fundarmenn sammála um að þetta væri æskilegt hjá stærstu deildum félagsins. Inga Lilja mótmælti og sagði handboltastjórnina starfa vel saman þrátt fyrir að formaðurinn væri formaður yngri flokka líka. Umræður urðu um þetta og nefnd voru dæmi um árekstra sem orðið hafa í stjórnnum deilda.

Í framhaldi af þessu kom upp umræða um reglur vegna bóta sem kæmu til uppeldisfélaga vegna sölu leikmanna. Gunna Stína lagði fram tillögu um að á næsta aðalfundi kæmi aðalstjórn félagsins fram með reglur um sölu leikmanna. Formaður upplýsti að aðalstjórn væri nú þegar með þessi mál í skoðun og hefði m.a. rætt við önnur félög hvaða háttur væri hafður á slíkum málum hjá þeim. Guðbjörg ræddi um 2. flokk, hvort ekki væri eðlilegra að hann tilheyrði meistaraflokki. Umræður urðu um þetta. Hjá handboltanum eru t.d. 2. flokkur rekinn með meistaraflokki.

3. Uppskeruhátíð.

Breytingar á tilhögun Uppskeruhátíðar sem samþykkt var á formannafundi 27. maí 2015 rædd í ljósi reynslunnar. Deildir fara nú sjálfar með framkvæmd Uppskeruhátíðar sinna deilda í lok keppnistímabíla. Deildir tilnefna íþróttakarlar og íþróttakonu í kjör á Íþróttamanni Mosfellsbæjar og Íþróttamanni Aftureldingar ár hvert.

Fundarmenn sammála um að hver og ein deild haldi sitt lokahóf og verðlauni iðkendur og efnilegt íþróttafólk deilda þar. Rætt um að halda litla hátíð í lok árs þar sem afhendar yrðu viðurkenningar til íþróttamanna deilda og íþróttakarls og konu Aftureldingar. Þar fari einnig fram afhending á þeim viðurkenningum sem veittar hafa verið í félaginu í mörg ár eins og Hópbikar UMSK, Starfsbikar UMFÍ, Gullillubikarinn, Vinnubjarkur Aftureldingar ofl. Rætt var um að félagið gæti t.d. komið meira inn í bæjarhátíðina með dagskrá og kynnt félagið. Rætt um að hafa myndadag þar sem allir iðkendur kæmu saman til myndatöku í Aftureldingargöllum sínum, með því væri samheldni í félaginu elfd. September var nefndur í því sambandi.

Önnur mál.

- **Starfsmaður sem tekur út Nora skráningarkerfið.** Dagný formaður sagði frá tímabundinni ráðningu starfsmanns sem aðalstjórn hefur ráðið í 3 mánuði til að taka út kosti og galla við Nora skráningarkerfi félagsins og skoða umfang skráninga. Fundamenn fögnuðu framtakinu og umræður urðu um innheimtu æfingagjalda og innheimtuaðgerðir hjá þeim sem hættu á miðju tímabili eða greiða ekki æfingagjöld. Sérstaða er með þetta í fimleikadeild vegna biðlista eins og fram kom hjá Steinunni í formanni þar. Erfitt að halda iðkendum á biðlista á meðan iðkendur eru í deildinni sem ekki borga æfingagjöld sín. Reglur varðandi þetta þurfa að vera skýrar.
- **Umgengni í búningsklefum, áhaldageymslum, sölum og vallarhúsi ábótavant.** Rætt um slæma umgengni hjá félaginu. Allir formenn deilda vildu taka átak í að laga þetta með stjórnnum, þjálfurum og iðkendum sem nota aðstöðuna. Rætt um að stundum vantaði þrífáhöld í vallarhúsinu. Þarf að athuga hvort svo sé.
- **Aftureldingarbúðin.** Gunna Stína bað um meiri stuðning við að selja vörur á fjöllíðamótum deilda. Sagði hún réttilega að þetta væri mál allra deilda félagsins að vel gengi að koma vörum út. Bað hún um að merkja búðina með borða. Framkvæmdastjóri tók málið að sér. Á heimasíðu er nú verið að setja inn flipa þar sem Aftureldingarvörur eru til sýnis. Klára þarf að taka myndir af öllum vörum sem eru til sölu svo hægt sé að kynna sér þær á heimasíðu félagsins.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 20.15

Indriði Jósafatsson

(sign.)